



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

NÝR LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS VIÐ HRINGBRAUT

FRUMATHUGUN
/ FRUMHÖNNUN

SKILAGREIN

DESEMBER 2013



EFNISYFIRLIT

0	UM SKILAGREININA	3
1	UNDIRBÚNINGUR	3
1.1	Lýsing verkefnis	3
1.2	Stjórnvaldsákvörðun, sameining	3
1.3	Nefnd um framtíðarskipulag og uppbyggingu Landspítala- háskólasjúkrahúss	3
1.4	Nefnd um uppbyggingu Landspítala háskólasjúkrahús.....	4
2	SAMKEPPNI UM SKIPULAG ÁRIÐ 2005	5
2.1	Forvalsgögn	5
2.2	Umsækjendur í forvali	5
2.3	Mat og niðurstaða forvals.....	5
2.4	Samkeppni um skipulag	7
2.5	Dómnefnd samkeppninnar	7
2.6	Samkeppnislýsing	7
2.7	Dómnefndarstörf í samkeppni	7
2.8	Niðurstaða samkeppninnar	8
3	DEILISKIPULAG OG FRUMATHUGUN, 2006-2008	10
3.1	Samningur um deiliskipulag - Framkvæmdanefnd	10
3.2	Samvinna við Reykjavíkurborg - Samstarfsnefnd	11
3.3	Frumathugun – Stýrindefnd um notendavinnu	11
3.4	Frumathugun – Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana.....	11
3.5	Frumathugun - Lokarýni LSH.....	14
3.6	Frumathugun - Umsögn FSR.....	15
4	ENDURSKOÐUN 2008 – FORVAL, SAMKEPPNI, NLSH	16
4.1	Breyttar aðstæður í kjölfar efnahagshruns haustið 2008.....	16
4.2	Verkefnisstjórn nýs Landspítala-háskólasjúkrahúss við Hringbraut	16
4.3	Forval auglýst, 2009.....	17
4.4	Samkeppni um frumhönnun, 2010	18
4.5	NLSH verkefnið og lög um byggingu nýs Landspítala.....	21
4.6	Forval fyrir hönnunarútboð, 2013.....	23
5	REIKNINGSLEGT UPPGJÖR	25
5.1	Heildarkostnaður.....	25
6	STAÐFESTING SKILAGREINAR	26
6.1	Almennt.....	26
6.2	Staðfesting skilagreinar.....	27
	VIÐAUKI – GÖGN	28

0 UM SKILAGREININA

Skilagrein þessi byggir á staðalformi skilagreina Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir framkvæmdaverkefni (SF-069). Þar sem hún fjallar ekki um verklegan hluta framkvæmdar hefur kaflaheitum verið breytt til að fella að því verkefni og áföngum sem hér er fjallað um.

1 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing verkefnis

Hér verður gerð grein fyrir undirbúningi, forvali, samkeppni, tillögu að deiliskipulagi og frumathugun vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar Landspítala háskólasjúkrahúss (LSH), sem fram fór á árunum 2005 til 2008. Auk þess er sagt frá verkefninu í kjölfar efnahagshruns haustið 2008, forvali og lokaðri samkeppni um forhönnun miðað við breyttar forsendur. Jafnframt er komið inn á stofnun nýs hlutafélags um byggingu nýs Landspítala með vísan til laga nr. 64/2010.

Samkeppnin um skipulag, sem haldin var árið 2005, og tillaga að deiliskipulagi sem unnin var í framhaldi af því voru mikilvægir þættir í undirbúningsferli uppbyggingar Landspítala háskólasjúkrahúss við Hringbraut.

Verkkaupi fram að samkeppni 2005 var Landspítali-háskólasjúkrahús (LSH) en síðan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Í framhaldi af endurskoðun verkefnisins haustið 2008 skipaði heilbrigðisráðherra verkefnisstjórn til að vinna að framgangi málsins en frá febrúar 2009 og fram að skipan verkefnisstjórnarinnar var umsjón með undirbúningsvinnu nýs háskólasjúkrahúss á hendi Landspítala. Undirbúningsvinnan þar á undan var á vegum sérstakrar byggingarnefndar heilbrigðisráðuneytisins og þar áður ráðherraskipaðrar framkvæmdanefndar.

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) hafði umsjón með forvali og samkeppni, árið 2005, fyrir hönd verkkaupa. Verkefnisstjóri var Ásdís Ingþórsdóttir, arkitekt.

Árið 2008 tók Karl Ásmundsson verkfræðingur við verkefnisstjórn og í framhaldi af honum síðar sama ár Bergljót S. Einarsdóttir arkitekt. Þau skrifuðu, auk Bjarna Jónssonar verkfræðings, umsögn FSR um frumathugun vorið 2008.

Yfirlit yfir verkefnið og áfanga

Forval og skipulagssamkeppni, 2005
- Verkefni: LSH samkeppni um skipulag 2005
- Verknúmer FSR: 633 1650
- Útboðsnúmer forvals:13765
- Útboðsnúmer skipulagssamkeppni:13799

Deiliskipulag, frumathugun, 2006-2008
-Verkefni, verknr: NH Frumathugun, 608 3402
-Verkefni, verknr: NH Deiliskipulag, 608 3401

Forval og hönnunarsamkeppni, 2009-2010
- Verkefni FSR:NH Áætlunargerð
- Verknúmer FSR: 6083410
- Útboðsnúmer forvals:14813
- Útboðsnúmer hönnunarsamkeppni: 14854

Frumhönnun, 2010-2012
- Verkefni: Nýr Landspítali, NLSH
- Verknúmer: 633 2000

1.2 Stjórnvaldsákvörðun, sameining

Allt frá árinu 1990 var unnið að faglegri þróun og hagkvæmni í rekstri spítalanna í Reykjavík sem leiddi til þess að árið 2000 var Landspítali háskólasjúkrahús stofnaður með sameiningu tveggja spítala í Reykjavík. Spítalinn, sem er háskólasjúkrahús og samþættir klíniska starfsemi, rannsóknir og kennslu, hefur rekið starfsemi sína á nokkrum stöðum í Reykjavík, þar á meðal tvo aðskilda bráðspítala. Sameiningunni var ætlað að sameina starfsemi spítalans á einn stað.

1.3 Nefnd um framtíðarskipulag og uppbyggingu Landspítala-háskólasjúkrahúss

Nefnd um framtíðarskipulag og uppbyggingu LSH starfaði frá árinu 2000 og skilaði álit sínu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í janúar 2002. Á grundvelli álitsins, sem kynnt var í ríkisstjórn, var tekin ákvörðun um staðsetningu hins nýja spítala.

Nefndina skipuðu þau

- Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
- Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri tækni- og eigna LSH,
- Magnús Pétursson, forstjóri LSH,
- Páll Skúlason, rektor HÍ og
- Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Sérfræðiathuganir á mögulegri staðsetningu og þróunarmöguleikum spítalans voru unnar af fyrirtækjunum Ementor, White arkitekter og VSÓ ráðgjöf ehf.

Meginatriði í tillögum nefndarinnar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra voru eftirfarandi:

- Starfsemi LSH verði á einum stað.
- Framtíðarsjúkrahúsið verði við Hringbraut og nýbyggingar rísi aðallega sunnan núverandi Hringbrautar.
- Úr nokkrum framkvæmda- og fjármögnunarleiðum er að velja.
- Dag- og göngudeildarstarfsemi verði eflað í byrjun.
- Svæði C á lóðinni við Hringbraut og reitur við Umferðarmiðstöð verði fyrir LSH, fyrirtæki og rannsóknarstofnanir á heilbrigðissviði.
- Söluandvirði eigna og réttinda LSH verði nýtt til uppbyggingar við Hringbraut.
- Starfshópur heilbrigðisráðherra undirbúi hönnun háskólasjúkrahúss við Hringbraut.

Gögn:

- *Framtíðarskipulag og uppbygging Landspítala háskólasjúkrahúss, nefndarálit starfsnefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, gefið út í janúar 2002.*

1.4 Nefnd um uppbyggingu Landspítala háskólasjúkrahús

Nefnd um uppbyggingu LSH starfaði frá október 2002 og hana skipuðu:

- Ragnheiður Haraldsdóttir formaður og skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu
 - Magnús Pétursson, forstjóri LSH
 - Páll Skúlason, rektor HÍ
 - Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri tækni og eigna LSH
 - Magnús Skúlason, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu
- Margrét Sigurðardóttir, stjórnarráðsfulltrúi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu var ritari nefndarinnar og Óskar Valdimarsson, forstjóri FSR, ráðgjafi hennar.

Í apríl 2004 var lögð fram skýrsla nefndarinnar um uppbyggingu LSH. Í henni er gerð grein fyrir stöðu verkefna, tillögum um næstu skref, samningum um lóðir, tillögu um undirbúningsferlið, áherslum og forgangsröðun framkvæmda, tíma- og fjárhagsáætlun, tengslum við HÍ og samgöngum við LSH.


Í kaflanum um tíma- og fjárhagsáætlun er gert gróft mat á húsrými, einingarverðum nýbygginga og við endurbætur bygginga, áfangaskiptingu og kostnaðarmati LSH á stigi forathugunar á verðlagi í febrúar 2004 svo og tímaáætlun.

Samningur við Reykjavíkurborg um lóðir ofl. var lagður fram í ríkisstjórn 27. apríl 2004 og undirritaður þann sama dag.

Gögn:

- *Skýrsla nefndar um uppbyggingu Landspítala háskólasjúkrahúss, apríl 2004.*

Tímaáætlun sem lögð var fram í skýrslunni í apríl 2004.



Tímaáætlun framkvæmda við nýjan Landspítala.

2 SAMKEPPNI UM SKIPULAG ÁRIÐ 2005

Verkheiti: LSH samkeppni um skipulag 2005
Verknúmer: FSR: 633 1650
Útboðsnúmer: 13765

2.1 Forvalsgögn

Haustið 2004 hófst eiginlegur undirbúningur að samkeppni og var ákveðið að hún yrði lokuð, þ.e. að samkeppni yrði haldin meðal þeirra aðila sem valdir yrðu í forvali.

Í forvalsskilmálum voru settar fram kröfur um eftirfarandi almenn atriði:

- Fjárhagsstöðu ábyrgðaraðila
- Gæðatryggingu
- Almenna reynslu
- Reynslu af skipulagi spítala
- Reynslu af skipulagssamkeppnum

Auk þess var gerð sérstök krafa um reynslu og þekkingu þeirra einstaklinga sem að verkefninu kæmu og voru það þessir:

- Hönnunarstjóri
- Arkitekt/skipulagsfræðingur
- Spítalaserfræðingur
- Verkfræðiráðgjafi
- Háskólasérfræðingur
- Kostnaðarráðgjafi
- Landslagsarkitekt

2.2 Umsækjendur í forvali

Þann 18. janúar 2005 ákvað ríkisstjórn Íslands að heimila að efnt yrði til skipulagssamkeppni um lóð LSH við Hringbraut í Reykjavík og að áfram yrði unnið að frekari undirbúningi vegna uppbyggingar spítalans.

Forval var auglýst á Evrópska efnahags-svæðinu 19. janúar 2005 og á Íslandi 30. janúar 2005. Leitað var eftir 7 teyllum sérfræðinga til að taka þátt í lokaðri samkeppni um gerð deiliskipulags og nánari útfærslu spítalastarfseminnar ásamt starfsemislýsingu bygginga og innri tengslum þeirra. Gerð var krafa um þekkingu á starfsemi og hönnun sjúkrahúsa og reynslu af sambærilegum verkefnum.

Á forvalstímanum bárust 25 fyrirspurnir vegna mismunandi mála er tengdust forvalsgögnunum, kröfunum til þátttakenda og því verkefni sem síðar tæki við. Þessum fyrirspurnum var öllum svarað og spurningar og svör urðu hluti forvalsgagna.

Umsóknarfrestur til að skila inn umsóknum var til 8. mars 2005. Umsóknir um þátttöku bárust frá 18 teyllum sérfræðinga.



Skipulagssvæðið 2005.

2.3 Mat og niðurstaða forvals

Við mat á umsækjendum var farið bókstaflega eftir þeim kröfum sem settar voru fram í forvalsgögnum og umsækjendur metnir samkvæmt því. Þeim umsækjendum sem röðuðu sér í sjö efstu sætin var boðin þátttaka í samkeppninni.

Þann 1. apríl 2005 voru birtar niðurstöður forvalsins. Sjá yfirlit á næstu blaðsíðu.

Gögn:

- Forvalsgögn vegna samkeppni um Landspítala-háskólasjúkrahús. Forval nr. 13765 dagsett febrúar 2005.

Umsækjandi	Lönd	Stig	Sæti
C.F. Möller, Arkitektur.is, SWECO Gröner, Verkfræðistofa Norðurlands, Schönherr Landscape	Danmörk, Noregur, Ísland og Svíþjóð	191	1
Carl Bro A/S, Arkís, Aarhus Arkitekterne A/S, Friis & Moltke A/S, Hnit, Landmótun	Danmörk, Ísland	190	2.-3.
VST, NBBJ, VA arkitektar, ARUP, Landmótun	Ísland, USA og UK	190	2.-3.
Buro Happold Engineers, Dissing - Weitling arkitektfirma, Úti og Inni, OWP/P architects, Jeppe Aagaard Andersen, David Langdon	Ísland, USA, Danmörk, UK	187	4.
de Jong Gortemaker Algra, Alark, Fjölhönnun, Landark, Arup technical	UK, Holland, Ísland	185	5.
Línuhönnun, RTS verkfr. Norconsult, ASK, Medplan, Landslag, Hospitalitet AS, Prof. Per Teisberg	Noregur og Ísland	184	6.-7.
Henning Larsens Tegnestue, S&I A/S, Batterið, Lohfert & Lohfert A/S, Birch & Krogboe A/S, Landform	Danmörk, Ísland	184	6.-7.
Anshen (Dyer) - Allen, Tark, Over Arup & Partners, David Langdon, Magnús Bjarnason, Lovejoy	England, Ísland, USA	177	8.-9.
NSW Arkitekter & Planleggere A/S, Teiknistofan Tröð, Arstads Arkitektokontor, COWI A/S, Björbekk og Lindheim A/S, Pétur Jónsson, Magnús Bjarnason	Noregur og Ísland	177	8.-9.
Arkitema, Arkþing, Landslag, Ramböll, Hönnun, VGK, VJI	Danmörk, Ísland	174	10.
KHR arkitekter A/S, ARKKI, Mangor & Nagel A/S, Oluf Jørgensen, GP arkitektar	Ísland, Finnland, Danmörk	168	11.
Llewelyn Davies, UME services, Mott MacDonald, Turner & Townsend	England	166	12.
Fjarhitun, Vinnustofan Þverá, APF - Architektenpartner, LM landslagsark.	Þýskaland, Ísland	164	13.
EGM, AT Osborne, ARUP, AWG architects, Paul van Beek landscaping	Holland	161	14.
Teiknistofan Óðinstorgi, Heinle, Wischer, Partners, Landmótun, VGK, Verkfræðistofa VJI, Haraldur V. Haraldsson	Ísland, Þýskaland	153	15.
Skipulags- arkitekta og verkfræðistofan o.fl.	Ísland	150	16.
Vilhelm Lauritzen AS, Á stofunni arkitektar, Jens Clementsen, ARUP, GHP landskabs as, Dr. Med Hörður Bergsteinnsson	Danmörk, Ísland	143	17.
KSP Engel and Zimmerman architects, IPB Berchtold Ingenieur, AGM Krankenhausbaun, Sommerland Haase Kuhli	Þýskaland	112	18

Niðurstaða forvals 2005.

2.4 Samkeppni um skipulag

Verkheiti: LSH samkeppni um skipulag 2005
Verknúmer FSR: 633 1650
Útboðsnúmer skipulagssamkeppni:13799

2.5 Dómnefnd samkeppninnar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði dómnefnd vegna samkeppninnar og var hún þannig skipuð:

- Ingibjörg Pálmadóttir formaður.

Tilnefndir af Landspítala - háskólasjúkrahúsi:

- Jóhannes M. Gunnarsson settur forstjóri LSH, svo lækningaforstjóri,
- Ingólfur Þórisson framkvæmdastjóri skrifstofu tækni og eigna, LSH.

Tilnefndur af Háskóla Íslands:

- Dr. Stefán B. Sigurðsson forseti Læknadeildar Háskóla Íslands.

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

- Málfríður Klara Kristiansen arkitekt
- Steinþór Kári Kárasón arkitekt.

Án tilnefningar;

- Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri heilsugæslu-, sjúkrahúsa- og öldrunarmála, (höfuðborgarsvæðið) í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Starfsmenn skrifstofu tækni og eigna á LSH og FSR voru dómnefndinni til aðstoðar í störfum hennar. Jafnframt voru arkitektarnir Ásdís Ingbórsdóttir og Gíslína Guðmundsdóttir, starfsmenn FSR, ritarar dómnefndar. Trúnaðarmenn vegna samkeppninnar voru þeir Pétur Pétursson, Ríkiskaupum og Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ.

2.6 Samkeppnislýsing

Samkeppnislýsing var unnin í samvinnu LSH, HÍ og FSR. Búinn var til sérstakur vinnuhópur vegna gerðar samkeppnislýsingarinnar og í honum áttu sæti:

- Aðalsteinn Pálsson, sviðsstjóri byggingarsviðs, LSH.
- Ásdís Ingbórsdóttir, arkitekt og verkefnisstjóri, FSR.
- Ásta Hrönn Maack, skrifstofustjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs HÍ.
- Gísli H. Sigurðsson, prófessor, yfirlæknir á svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusviði, LSH.
- Guðbjörg Páldóttir, aðstoðarmaður hjúkrunarforstjóra LSH.
- Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs HÍ.

- Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri tækni og eigna, LSH.
- Kristín Sophusdóttir, sviðsstjóri hjúkrunar lyflækningasviðs II, LSH.
- Kristján Erlendsson, sviðsstjóri kennslu- og fræðasviðs LSH.
- Torfi Magnússon, taugalæknir og ráðgjafi forstjóra LSH.

Vinnuhópurinn hélt samtals 12 fundi á tímabilinu febrúar til apríl 2005. Meðal þeirra aðila sem einnig var leitað til vegna gerðar samkeppnislýsingar voru Reykjavíkurborg, Flugmálastjórn og Arkitektafélag Íslands.

Í samkeppnislýsingu var gerð grein fyrir formi og tilhögun samkeppninnar og greint frá því tveggja umslaga kerfi sem á samkeppninni var, þ.e. 80% af einkunn var fyrir tillögur en 20% fyrir tilboð í þóknun fyrir gerð deili-skipulags. Þá er og gefin nákvæm starfsemis-lýsing fyrir spítalann og háskólahluta hans einnig.

„Greiðsla til hvers teymis fyrir þáttöku í samkeppninni er kr. 2.500.000 án vsk enda skili viðkomandi teymi inn tillögu sem uppfyllir skilmála keppninnar. Greiðsla til þess þátttakanda, sem samið verður við um útfærslu deiliskipulagsins, er fyrsta greiðsla upp í samning.“ Samkeppnislýsing, kafli 1.6

Samkeppnin var í tvennu lagi, annars vegar var óskað eftir tillögum um heildarskipulag svæðisins á lóð LSH (deili-skipulag) og hins vegar var óskað eftir nánari útfærslu um uppbyggingu spítalans (skipulag spítalans).

Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra afhenti hópunum sjö samkeppnislýsinguna 28. apríl 2005.

2.7 Dómnefndarstörf í samkeppni

Tillögum var skilað inn 8. september 2005 og hóf dómnefnd störf þegar í stað. Ekki þurfti að vísa neinni tillögu frá vegna fráviks frá skilafresti, rofinnar nafnleyndar né ófull-nægjandi framlags.

Á keppnistíma svöruðu dómnefnd og verkkaupi, eftir því sem við átti, fyrirspurnum keppenda. Alls bárust 27 fyrirspurnir í þeim tveim fyrirspurnartímum sem tilgreindir voru á samkeppnistímanum. Dómnefnd, í samráði við verkkaupa svaraði öllum fyrirspurnum en spurningar og svör urðu að því loknu hluti samkeppnisgagna.

Fljótlega voru sérfræðingar og ráðgjafar dómnefndar fengnir til að fara yfir þau sérsvið sem að þeim snéru og var þeirri yfirferð lokið þegar keppendum gafst kostur á að kynna tillögur sínar fyrir dómnefnd. Dómnefnd lagði mat á allar tillögurnar og komst að sameiginlegri niðurstöðu um röðun þeirra og hafði til hliðsjónar ábendingar ráðgjafa. Dómnefnd hélt alls 25 formlega fundi.

Dómnefnd kallaði til sín eftirfarandi sérfræðinga til ráðgjafar:

- Sérfræðingar í lækningum, tækni, rekstri og hjúkrun á LSH, sem sumir eru jafnframt starfsmenn HÍ.
- Cecilia Bengtsson, arkitekt frá White arkitektum í Svíþjóð.
- Frá Noregi komu Ragnhild Aslaksen, yfirarkitekt uppbyggingar St. Olavs Hospital í Þrándheimi og Johannes Eggen Aviaplan Oslo, verkefnisstjóri 2. áfanga uppbyggingar St. Olavs Hospital í Þrándheimi.
- Steindór Guðmundsson, verkfræðingur hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, varðandi hljóðvist.
- Gunnar Ingi Ragnarsson, verkfræðingur, teiknistofunni Þverá, varðandi umferðarmál.
- Þorbergur Karlsson og Símon Unndórsson hjá VSO varðandi kostnaðarmat.
- Hermann Hermannsson Flugmálastjórn og Jakob Ólafsson hjá Landhelgisgæslunni varðandi staðsetningu þyrlupalls.

Eins og fram kemur í samkeppnislýsingu lagði dómnefnd höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á tillögum:

- Heildarlausn
- Yfirbragð
- Ytri tengsl
- Innri tengsl
- Sveigjanleiki
- Hagkvæmni

Í umsögnum dómnefndar um hverja tillögu er litið til fyrrgreindra þátta.

2.8 Niðurstaða samkeppninnar

Dómnefnd skrifaði umsögn um allar tillögurnar sjö þar sem þær eru metnar út frá áherslum dómnefndar og gaf þeim einkunn á kvarðanum 0-80 stig.

Þá voru umslög með tilboðum í þóknun fyrir gerð deiliskipulags opnuð en tilboð gátu mest gefið 20 stig.

Það var einróma álit dómnefndar að í samkeppninni hafi mjög hæfir hópar sérfræðinga lagt sitt af mörkum við gerð skipulags fyrir Landspítala - háskólasjúkrahús og skilað tillögum sem allar voru athyglisverðar og mjög vel unnar.



Vinningshópurinn í samkeppninni 2005.

Heildarniðurstaðan var að lokum sú að hópurinn sem samanstendur af arkitektastofunni C.F. Möller, Arkitektur.is, SWECO Gröner, Verkfræðistofa Norðurlands, Schönherr Landscape unnu samkeppnina og var það formlega kynnt á opnum fundi með keppendum og aðstandendum samkeppninnar sem fram fór í Öskju Háskóla Íslands þann 12. október 2005. Sjá einnig yfirlit næstu blaðsíðu.

Að lokinni kynningu á niðurstöðu dómnefndar voru venju samkvæmt allar tillögur samkeppninnar hengdar upp til sýningar í LSH og haldin var svokallaður gegnumgangur eða rýnifundur með Arkitektafélagi Íslands.



Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Jón Kristjánssonar og Klaus Hyttel arkitekt og einn eigenda C.F. Möller.

Gögn:

- Samkeppnislýsing vegna samkeppni um skipulag fyrir Landspítala- háskólasjúkrahús. Nr. 13799, útboð dagsett apríl 2005.
- Dómnefndarálit vegna samkeppni um skipulag fyrir Landspítala- háskólasjúkrahús, dagsett 12. október 2005.

Sæti	Tillaga nr.	Stig dómnefndar	Tilboðsupphæð	Stig fyrir tilboð	Samtals
1	428571	72	12.000.000	20,0	92,0
2	327559	60	12.100.000	19,8	79,8
3	131195	54	12.000.000	20,0	74,0
4	170644	57	14.200.000	16,9	73,9
5	624874	45	12.000.000	20,0	65,0
6	160755	50	31.000.000	7,7	57,7
7	101010	40	35.500.000	6,8	46,8

Niðurstaða samkeppni, 2005.



Vinningstillagan nr. 428571, 2005.

3 DEILISKIPULAG OG FRUMATHUGUN, 2006-2008

Verkheiti: NH Deiliskipulag
Verknúmer: 608 3401

Verkheiti: NH Frumathugun
Verknúmer: 608 3402

3.1 Samningur um deiliskipulag - Framkvæmdanefnd

Framkvæmdanefnd vegna byggingar nýs Landspítala-háskólasjúkrahúss og samningur um gerð deiliskipulags

Nefndin var skipuð 18. nóvember 2005 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Í nefndinni sátu:

- Alfreð Þorsteinsson, fyrrv. borgarfulltrúi, formaður.
- Inga Jóna Þórðardóttir, viðskiptafræðingur og fyrrv. borgarfulltrúi, varaformaður.
- Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri og fyrrv. alþingismaður.
- Magnús Pétursson, forstjóri LSH.
- Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands.
- Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
- Björn Ingi Sveinsson, verkfræðingur.

Undirbúningur fyrir frumhönnun nýs spítala hófst fyrir alvöru 1. febrúar 2006 með opnum fundi framkvæmdanefndar vegna byggingar nýs Landspítala- háskólasjúkrahúss, með hátt á þriðja hundrað starfsmönnum spítalans og ráðgjöfum.

Við sama tækifæri undirrituðu Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Klaus Hyttel, arkitekt og einn af eigendum danska fyrirtækisins C.F. Møller samning um gerð deiliskipulags.

Samningur milli verkkaupa og vinningshafa var undirritaður 1. feb. 2006 „AGREEMENT ON PREPARATION OF A LOCAL PLAN H-06003“. Í verkefninu fólst að vinna tillögu að deiliskipulagi og frumhönnun byggða á vinningstillögunni.

Heilbrigðisráðherra skipaði Ingólf Þórisson sem verkefnisstjóra 1. apríl 2006.

Samningurinn um tillögu að deiliskipulagi tekur til lóðar LSH en hún markast af Eiríksgötu, Barónsstíg og nýju Hringbrautinni vestur að

Njarðargötu. Leyfilegt heildarbyggingarmagn er rúmlega 170 þúsund fermetrar. Um er að ræða hefðbundið og lögbundið skipulagsferli, sem felur í sér samráð og samvinnu við skipulagsyfirlögd í Reykjavík og samráð og kynningu gagnvart íbúum.


Ráðgjafar danska fyrirtækisins C.F. Møller unnu að gerð deiliskipulagstillögunnar í nánu samstarfi við íslensku arkitektastofuna Arkitektur.is, sem einnig er hluti ráðgjafahópsins. Gert var ráð fyrir, við undirritun samnings, að tillögu að skipulagi yrði skilað til skipulagsyfirvalda vorið 2006.

Sökum þess að vinna við þarfagreiningu (frumathugun og deiliskipulag) dróst á langinn og þess að gerður var sérstakur samningur um endurskoðun vinningstillögunnar var endanleg tillaga að deiliskipulagi ekki kynnt fyrr en sumarið 2008. (Sjá kafla 4.4 Frumathugun, tillaga að deiliskipulagi og umhverfismati skipulags hér á eftir).

Við allan undirbúning var miðað við að framkvæmdir gætu hafist árið 2009. En eins og fram kemur aftast í skilagreini þessari breyttust þau áform.

Grunngögn í forhönnun (frumathugun):

- *Gildandi deiliskipulag lóðarinnar var samþykkt í apríl árið 1999 eftir skipulagssamkeppni um hönnun barnaspítala.*
- *Samkeppnistillaga 2005*
- *„Technical masterplan and cost estimate“, 12. janúar 2007*
- *„The revision of the winning proposal“, Endurskoðuð samkeppnistillaga 12. janúar 2007*
- *„Function program, parts I, II, III, IV“, 5. janúar 2007*
- *„Evaluation of the revised competition proposal, by Planetree“, 19.-23. mars 2007, in a Community design Assessment*
- *The Technical Program, rev. 02, 29. ágúst 2007*



Lóð nýs Háskólasjúkrahúss við Hringbraut.

3.2 Samvinna við Reykjavíkurborg – Samstarfsnefnd

Í vinnuferlinu við gerð tillögu að deiliskipulagi var unnið náið með Reykjavíkurborg og öðrum hagsmunaaðilum. Sérstök **samstarfsnefnd framkvæmdanefndar nýs spítala og Reykjavíkurborgar** var sett á laggirnar til að halda utan um þessa samvinnu. Í nefndinni áttu sæti:

- Alfreð Þorsteinsson, fyrrv. borgarfulltrúi og formaður framkvæmdanefndar.
- Inga Jóna Þórðardóttir, viðskiptafræðingur og fyrrv. borgarfulltrúi, varaformaður framkvæmdanefndar.
- Salvör Jónsdóttir og síðar Birgir H. Sigurðsson, sviðsstjórar skipulagssviðs, RVK.
- Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi RVK / Nikulás Úlfar Mátsson arkitekt á skipulagssviði, RVK
- Guðmundur Gunnarsson, arkitektur.is
- Kristbjörg Stephensen, skrifstofustjóri stjórnsýslu- og starfsmannasviðs RVK.
- Ólafur Bjarnason, aðstoðarsviðsstjóri framkvæmdasviðs.

Fyrsti fundur þessa hóps var haldinn í apríl 2006 og voru hans helstu mál þessi:

- Verslunarmiðstöð
- Holtsgögn
- Bensínstöð
- Skipulagsferlið
- Kynningarfundir

3.3 Frumathugun – Stýrinefnd um notendavinnu

Á fundi framkvæmdanefndar um byggingu nýs háskólasjúkrahúss þann 21. ágúst 2007 var ákveðið að óska eftir því að Landspítali og Háskóli Íslands skipuðu **stýrinefndir notendavinnu vegna frumáætlunarinnar**.

Stýrinefnd LSH var skipuð 27. ágúst 2007 af forstjóra Landspítala, Magnúsi Péturssyni. Nefndinni var falið að hafa yfirumsjón með notendastarfi innan LSH. Stýrinefndinni var jafnframt ætlað að fara með álit spítalans gagnvart framkvæmdanefnd um nýjan spítala.

Verkefni stýrinefndanna var að fara yfir skipulag sjúkrahússins og heilbrigðisvísinda-deilda, uppröðun deilda og herbergja. Stýrinefndir, Landspítala og Háskóla Íslands störfuðu hvor um sig að sínum þætti en áttu jafnframt samstarf um sameiginlega þætti.

Stýrinefnd gat kallað á fulltrúa notendahópna sem unnu að þarfagreiningunni eftir þörfum. Stýrinefnd LSH starfar til loka frumáætlunar sem áformað er að ljúki í febrúar 2008.

Pau sem skipuðu nefndina voru:

- Jóhannes M. Gunnarsson, framkvæmdastjóri lækninga, formaður,
- Aðalsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri tækni og eigna,
- Friðbjörn Sigurðsson, læknir og
- Gyða Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Pau voru að hluta eða öllu leyst tímabundið frá starfsskyldum sínum á starfstíma nefndarinnar.

Aðrir nefndarmenn voru:

- Kolbrún Gísladóttir, hjúkrunarfræðingur,
- Kristján Erlendsson, framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar,
- Margrét I. Hallgrímsson, sviðsstjóri hjúkrunar á kvennasviði,
- Páll Helgi Möller, yfirlæknir og
- Steinunn Ingvarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri.

Framkvæmdastjóri byggingar nýs háskólasjúkrahúss fylgdist náið með starfshópum LSH og HÍ og var tengiliður við bygginganefnd, ráðgjafahóp C. F. Möller og Framkvæmdasýslu ríkisins.

Stýrinefndin skilaði skýrslu um störf nefndarinnar. Við gerð þessarar áfangaskýrslu lágu lokatillögur C. F. Möller að frumáætlun ekki fyrir, en þeim var skilað 29. febrúar. Rétt þótti þó að gera í upphafi stutta grein fyrir aðdraganda byggingar nýs háskólasjúkrahúss og verkefnisins fram til þessa.

Gögn:

- *Nýr Landspítali, Stöðuskýrsla stýrinefndar LSH vegna undirbúnings byggingar nýs Landspítala, Febrúar 2008.*

3.4 Frumathugun – Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana

Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana var skipuð með bréfi heilbrigðisráðherra, þann 26. október 2007. Eftirtaldir einstaklingar voru skipaðir í nefndina:

- Inga Jóna Þórðardóttir, viðskiptafræðingur, formaður
- Árni Þór Sigurðsson, alþingismaður
- Bolli Héðinsson, hagfræðingur
- Ásgeir Bolli Kristinsson, fjárfestir
- Hanna Katrín Friðriksson, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra
- Margrét Sanders, framkvæmdastjóri
- Þórir Kjartansson, framkvæmdastjóri

Starfsmaður nefndarinnar var Ingibjörg Guðmundsdóttir, viðskiptafræðingur. Á fyrsta fundi nefndarinnar var Bolli Héðinsson kjörinn varaformaður.

Megin verkefni nefndarinnar var að hafa yfirumsjón með undirbúningi, hönnun og byggingu nýrrar sjúkrahúsbyggingar fyrir Landspítala eins og greint er frá í erindisbréfi hennar. Nefndin óskaði eftir því að Ingólfur Þórisson, sem starfað hafði sem verkefnisstjóri héldi því starfi áfram en hann var upphaflega skipaður til þess af heilbrigðisráðherra 1. apríl 2006.

Nefndin skilaði yfirliti um störf sín til heilbrigðisráðherra með bréfi dags. 23. febrúar 2009.

Vinna við frumathugun

Vinna við frumathugun, tillögu að deiliskipulagi og umhverfismati skipulags fór fram á árunum 2006 til 2008. Í upphafi hafði verið gert ráð fyrir að deiliskipulagi yrði skilað um mitt ár 2006.

Eftirfarandi er yfirlit yfir kynningar á verkefninu í skipulagsráði Reykjavíkur:

Á 41. fundi 18. janúar 2006

„Umsókn nr. 60037 (01.19.8) 15.

Landspítali Háskólasjúkrahús, kynning

Kynnt vinningstillaga vegna skipulags Landspítala-Háskólasjúkrahúss.

Ingólfur Þórisson kynnti.“

Á 97. fundi 16. júní 2007 var

„Umsókn nr. 60037 (01.19.8) 31.

Landspítali Háskólasjúkrahús, kynning

Staða málsins kynnt.

Alfreð Þorsteinsson, Inga Jóna Þórðardóttir og Ingólfur Þórisson tóku sæti á fundum undir umræðu um þennan lið.

Guðmundur Gunnarsson, arkitekt kynnti. Samþykkt að fela skipulagsstjóra, í samráði við Framkvæmdasvið, að yfirlit áætlanir um Holtsgöng og staðsetningu þeirra með hliðsjón af ábendingum byggingarnefndar LSH.

Á 130 fundi 9. apríl 2008

„Landspítali Háskólasjúkrahús, kynning

Inga Jóna Þórðardóttir, Árni Þór Jónsson. Guðmundur Gunnarsson og Ingólfur Þórisson tóku sæti á fundum undir umræðu um þennan lið. Staða málsins kynnt.“

Á 143 fundi 13. ágúst 2008

var málið aftur kynnt.

„Landspítali Háskólasjúkrahús, kynning

Lagt fram bréf byggingarnefndar nýs háskólasjúkrahús við Hringbraut dags. 2. júlí 2008.

Inga Jóna Þórðardóttir, Guðmundur Gunnarsson og Ingólfur Þórisson fóru yfir stöðu málsins.

Skipulagsráð samþykkir að hönnunarsamkeppni verði hleypt af stað þó með því fororði að skipulagsstjóri komi að endanlegri textavinnu.“

Holtsgöng

Talið var ógerlegt að hafa gangamunna Holtsganga og aðalaðkomu að nýju Háskólasjúkrahúsi um sama veg og því var óskað eftir breytingum þar að lútandi hjá Reykjavíkurborg. Fram hafði komið í vinnuferlinu að fulltrúar borgarinnar hafi tekið vel í að skoða mögulega færslu á gangamunna eða jafnvel möguleika á að fella Holtsgöng niður. Síðar var gerð tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkur þar sem Holtsgöng voru felld niður.

Samráð

Í þarfagreiningarfasanum átti sér stað ítarlegt samráð í meira 40 vinnuhópum /notendahópum með þátttöku um 300 starfsmanna spítalans, Háskólans og tilraunastöðvarinnar að Keldum.

Samgöngustefna og bilastæðahús

Nefndin fékk til liðs við sig sérfræðinga í umferðarmálum lagðar voru fram fyrstu hugmyndir m.a. um samgöngustefnu LSH. Jafnframt var gerð samgöngukönnun meðal starfsmanna LSH um ferðavenjur og HÍ gerði samskonar könnun.

Kynning og samráð

Gerð er grein fyrir kynningu og samráði í „Matsskýrslu með deiliskipulagi, drögum 11. desember 2009“, kafla „9. Kynning og samráð“. Þar kemur fram að fjöldi funda var haldinn á tímabilinu allt frá árinu 2006 þegar samkeppnistillaga var kynnt til júní 2008 þegar drögum að matsskýrslu skipulags var skilað.

Samráð við borgarbúa


Haldinn var opinn kynningarfundur á deiliskipulagstillögu samkeppninnar í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur 15. júní 2006. Á sama fundi var heimasíða verkefnisins opnuð á www.haskolasjukrahus.is.

Athugasemdir fundarmanna voru skráðar niður og þær lagðar fyrir framkvæmdanefnd. Við endurskoðun skipulagstillögu, sem fram fór sumarið 2006 var tekið tillit til athugasemda íbúa í nágrenni spítalans sem og starfsmanna hans m.a. með því að færa HÍ hluta spítalans lengra til suðurs, þjappa heildarbyggingarmagni saman og gamla spítalanum gefin betri ásjúnd.

- Gögn deiliskipulags:
Tillöguupprættir, matsskýrsla
- Uppdráttur: Skýringar, aðkoma, umferð
- Deiliskipulagstillaga skýringaruppráttur, afstöðumynd
- Deiliskipulagstillaga skýringaruppráttur, útlit og sneiðmyndir
- Matsskýrsla með deiliskipulagi, drög 11. des 2008



Frumathugun 2008, skýringaruppráttur – afstöðumynd.



Frumathugun 2008, skýringarupprættir - aðkoma og umferð.

3.5 Frumathugun - Lokarýni LSH

Skilagögn frumathugunar febrúar 2008

Frumathugunin tók til starfsemi Nýs háskóla-sjúkrahúss, heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar Háskólans Íslands í meinafræði að Keldum.

Eftirfarandi gögn voru lögð fram í tengslum við við umsögn FSR um frumathugun:

- Lokaskýrsla frumathugunar (Sketch Report)
- Prívíddarlíkan (Mannvirkjaupplýsingalíkan - BIM) og útpentaðar 103 teikningar í 4 möppum (A4)
- Tæknileg atriði (Technical Program)
- Tækjabúnaður (Main Equipment Program)
- Kostnaðarmat
- Skýrsla um markmið brunatæknilegrar hönnunar (Fire Strategy)
- Skýrsla um jarðskjálftaálág (Earth Quake Calculations)
- Yfirlit yfir herbergjaskipulag, þarfagreining

Gögn(á geisladiski):

- Lokaskýrsla frumathugunar (Sketch Report), mars 2008

Lokarýni


Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana hafði verið falið að annast undirbúning byggingar nýs háskóla-sjúkrahúss (sbr. kafla 3.4 hér að framan).

Á vegum nefndarinnar var boðað til lokarýni verkefnisins og fór rýnin fram á tveimur fundum, sá fyrri var haldinn 20. apríl að Hótel Nordica en sá síðari 30. maí 2008. Í kjölfar fundanna var unnin skýrsla á vegum nefndarinnar „Lokarýni um frumáætlun að nýju háskóla-sjúkrahúsi, Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana“.

Stefnt var að næsta fasa verkefnisins sem hefði orðið áætlunargerð og auglýsing og afgreiðsla deiliskipulagstillögunnar.

Gögn:

- Lokarýni um frumáætlun að nýju háskóla-sjúkrahúsi, Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana (maí 2008).



Frumathugun 2008 – afstöðumynd.

3.6 Frumathugun - Umsögn FSR

Umsögn FSR um frumathugun

Nýtt háskólasjúkrahús við Hringbraut, umsögn Framkvæmdasýslu ríkisins um frumathugun, 3. apríl 2008.

„Í bréfi fjármálaráðuneytisins til Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR), dags. 18. mars 2008, var FSR falið að gera umsögn um frumathugun (sketch project) Nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík.“

Umsögnin byggði á frumathugunarskýrslu þar sem verkefninu var lýst ítarlega (frumathugun, mars 2008). Þá fylgdu skýrslunni 4 möppur (A4) af teikningum. Sökum stærðar verkefnisins fór teymi sérfræðinga á Framkvæmdasýslu ríkisins yfir verkefnið og skrifaði sameiginlega umsögn.

Starfsemi Landspítala er samofin starfsemi Háskóla Íslands og nær verkefnið til skipulagningar, hönnunar og byggingar nýbygginga fyrir spítalann, heilbrigðisvísindadeildar Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.



Staðsetning lóðar, frumathugun 2008.



North elevation.



South elevation.

Frumathugun 2008, ásynd.

Svæði	Nýtingarhlutfall	Stærð lóðar í hekturum (ha)	Heimilað byggingarmagn í fermetrum (m ²)
A og B	1,00	14,83	148.300
U (Háskóli)	1,01	27,72	28.000
Samtals spítali og Háskóli			176.300
Miðbæjarstarfsemi á U reit			7.000
Samtals skipulagssvæði		42,55	183.300

Úr umsögn FSR um frumathugun kafla „7. Niðurstöður og næstu skref“

Niðurstöður

Það er mat Framkvæmdasýslu ríkisins að vinna við frumathugun fyrir Nýtt háskólasjúkrahús sé fagmannlega og ítarlega unnin og uppfylli í öllum atriðum kröfur fjármálaráðuneytisins um gerð frumathugana. Það er því skoðun FSR að öll skilyrði séu fyrir hendi til að veita heimild til að hefja áætlunargerð verkefnisins.

Kostnaður við áætlunargerðina fyrir verkefnið í heild sinni er tæpir 5 milljarðar króna og rúmast hann allur innan þeirra fjárveitinga sem voru ákveðnar í lögum númer 133 frá árinu 2005 um ráðstöfun söluandvirðis Símans.

Næstu skref - tímaáætlun

Eins og fram kemur í erindi heilbrigðisráðuneytisins til fjármálaráðuneytis er áformað að velja hönnuði að verkinu með hönnunarsamkeppni sem verði undirbúin í samstarfi við FSR. Fyrst verði auglýst forval og valdir 3-5 aðilar sem keppa sín á milli um hönnun Nýs háskólasjúkrahúss. Tímaáætlunir gera ráð fyrir að hefja forval samkeppninnar í apríl 2008 og að niðurstaða samkeppninnar liggi fyrir í október sama ár. Hönnunarvinna hefjist strax í framhaldinu og er gert ráð fyrir að haga henni þannig að framkvæmdir við 1. áfanga Nýs háskólasjúkrahúss geti hafist á árinu 2010.“

Gögn:

- Nýtt háskólasjúkrahús við Hringbraut. Umsögn Framkvæmdasýslu ríkisins um frumathugun, 3. apríl 2008.

4 ENDURSKOÐUN 2008 – FORVAL, SAMKEPPNI, NLSH

Breyttar aðstæður: Endurskoðun, forval og hönnunarsamkeppni, 2009-2010

Verkheiti FSR: NH Áætlunargerð

Verknúmer FSR: 6083410

Útboðsnúmer forvals: 14813

Útboðsnúmer hönnunarsamkeppni: 14854

4.1 Breyttar aðstæður í kjölfar efnahagshruns haustið 2008

Endurskoðun verkefnis

Úr forvalslýsingu fyrir hönnunarsamkeppni, Desember 2009, Útboð númer 14813 - kafli 1.1.2 Aðdragandi verkefnis:

„Í kjölfar þess að haustið 2008 sköpuðust nýjar og áður óþekktar aðstæður í þjóðfélaginu þótti ástæða til þess að endurskoða niðurstöðu frumathugunar og endurmeta forsendu verk-efnisins. Sérfræðingar norsku hönnunar- og ráðgjafarfirmakerkjanna Momentum Arkitekter AS og Hospitalitet AS voru fengnir til verksins og lauk því í apríl 2009.

Meginverkefni þeirra var eftirfarandi:

- meta fyrirbyggjandi áform um nýjan spítala, einkum í ljósi efnahagsástandsins á Íslandi.
- kanna hvort unnt væri að áfangaskipta framkvæmdum svo greiða mætti fyrir pólitískri ákvörðun um framhaldið.
- komast til botns í því hvað myndi kosta íslenskt samfélag að „gera ekkert“, þ.e. láta kyrrt liggja og búa áfram við núverandi aðstæður í rekstri Landspítala.

Megin niðurstöður þeirra voru þessar:

- Það er mun dýrara að „gera ekkert“ en að ráðast í framkvæmdir þegar til lengri tíma er litið.
- Undirbúningsvinnan hingað til fær góða umsögn og staðfest er sú forsenda verk-efnisins að miklir fjármunir sparist í rekstri með því að leggja af starfseminu í Fossvogi og sameina spítalareksturinn á einum stað við Hringbraut.
- Sameining er því forgangsmál og unnt er að áfangaskipta verkefninu þannig að hagkvæmni hennar skili sér strax.
- Nauðsynlegt er að hanna tiltekna byggingar með sveigjanleika í huga varðandi rekstur og fyrirkomulag þegar horft er til lengri framtíðar.

Niðurstaða endurskoðunarinnar gerir einnig ráð fyrir að hagkvæmast sé að byggja nýbyggingu á lóð Landspítala við Hringbraut sem tengist núverandi byggingum á lóðinni en verði jafnframt fyrsti áfangi frekari uppbyggingar á lóðinni. Þannig er hægt að nýta þann húsakost sem fyrir er með sem hagkvæmustum hætti.“

Gögn:

- Skýrsla norsku sérfræðinganna „New Landspítali University Hospital Project (NUH), Review of planned development, April 2009“

4.2 Verkefnisstjórn nýs Landspítala- háskólasjúkrahúss við Hringbraut

Heilbrigðisráðherra skipaði verkefnisstjórn síðla árs 2009 (nóvember). Í henni sátu:

- Gunnar Svavarsson verkfræðingur, formaður,
- Egill Tryggvason, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu,
- Gyða Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur á Landspítala,
- Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í Háskóla Íslands,
- Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri eignasviðs á Landspítala, og
- Vilborg Þ. Hauksdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu.

Fólst vinna nefndarinnar m.a. í undirbúningi hönnunarsamkeppni og hönnunarútboðs haustið 2009 og 2010 vegna spítala-verkefnisins og stofnun undirbúningsfélagsins **Nýr Landspítali ohf. (NLSH)** sem var falið það verkefni með lögum að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala háskólasjúkrahúss við Hringbraut og semja um að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði.“

Samstarf stjórnvalda og lífeyrissjóða um framgang spítalaverkefnisins

„Í framhaldi af niðurstöðu norsku ráðgjafanna var hafist handa við að leita leiða til að koma spítalaverkefninu aftur á rekspól og var sameiginleg **viljayfirlýsing** meginþorra lífeyrissjóða landsins og ríkisstjórnarinnar, um samstarf við undirbúning að fjármögnun, útboði og framkvæmdum við nýbyggingar Landspítala, undirrituð 4. nóvember 2009. Í framhaldinu skipaði heilbrigðisráðherra verkefnisstjórn til að vinna að framgangi málsins, en frá ársbyrjun 2009 og fram að skipan verkefnisstjórnarinnar var umsjón með undirbúningsvinnu nýs háskólasjúkrahúss á hendi Landspítala. Fyrir þann tíma var undirbúningsvinnan á vegum sérstakrar byggingarnefndar heilbrigðisráðuneytisins og þar áður ráðherra-skipaðrar framkvæmdanefndar.“

Heimild: <http://www.nyrlandspitali.is/nyrlandspitali/islenska/verkefnid/forsagan/> (2013-09-27. 08)

4.3 Forval auglýst, 2009

Forval var auglýst í desember 2009 á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), útboð númer 14183. Skilafrestur umsókna var 15. febrúar 2010. Niðurstöður forvals kynntar 22. febrúar 2010.

Umsjón verkefnis

Umsjón undirbúningsvinnu nýs Háskólasjúkrahúss var á hendi Landspítala frá febrúar 2009 fram að skipan verkefnisstjórnar NLSH (sbr. kafla 4.2 hér að framan). Verkefnið var flutt til Landspítala 2. febrúar 2009 með bréfi heilbrigðisráðuneytis.

Forvalslýsing

Eftirfarandi er úr forvalslýsingu:

„1.1.1 Forval nr. 14813 – Hönnunarsamkeppni Ríkiskaup, fyrir hönd verkefnisstjórnar nýs Landspítala, auglýsir eftir teyminum sérfræðinga til að taka þátt í forvali vegna fyrirhugaðrar hönnunarsamkeppni um skipulag lóðar Landspítala og Háskóla Íslands (HI) við Hringbraut og frumhönnun nýbyggingar Landspítala (LSH).

Gert er ráð fyrir að það teymi sem verður hlutskarpast í samkeppninni vinni að hönnun verkefnisins fram að einkaframkvæmdarútbóði en starfi að því loknu við verkefnisstjórn og hönnunarrýni með verkkaupa.

Forvalsgögnum þessum er ætlað að kynna umfang verksins, tímaáætlun og kröfur til væntanlegra umsækjenda. Farið verður yfir umsóknir og teymin

metin út frá þeim upplýsingum sem þau leggja fram og allt að 5 stíghæstu teyminum verður boðið að taka þátt í hönnunarsamkeppninni.

Tungumál forvalsins, fyrirhugaðrar hönnunarsamkeppni og frumhönnunarverkefnisins að lokinni samkeppninni er íslenska. Í því felst m.a. að allir fundir fara fram á íslensku og öll gögn verða á íslensku. Gerð er krafa um að allir lykilmenn hönnunarteymanna tali og skrifi góða íslensku.“

Meðferð og mat - forvalsnefnd

Forvalsnefnd skipuð fulltrúum verkkaupa og Framkvæmdasýslu ríkisins mat innsend gögn þegar skilafresti lauk. Forvalsnefndin var skipuð:

- Bergljót S. Einarsdóttir, arkitekt í Framkvæmdasýslu ríkisins
- Gyða Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur á Landspítala
- Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í Háskóla Íslands
- Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri eignasviðs Landspítala
- Vilborg Hauksdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu

Matsnefndin mat teymin með hliðsjón af innsendum gögnum.

Gögn:

- Nýr Landspítali við Hringbraut, Frumhönnun, Forval fyrir hönnunarsamkeppni, Útböð nr. 14813, Desember 2009.

Niðurstaða forvals

Rétt til þátttöku í samkeppninni fengu þau teymi sem verkkaupi valdi í forvali, en þau voru:

1. Mannvit hf., Arkís, THG arkitektar, Landmótun. Samstarfsaðilar: Torgið Teiknistofa, Rambøll Danmark, Aarhus Arkitekterne, Veðurvaktin

2. Almenna verkfræðistofan hf., Arkitektur.is, Basalt arkitektar, Hnit verkfræðistofa, Hornsteinar arkitektar, Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar, VSI öryggishönnun og ráðgjöf. Samstarfsaðilar: Freyr Jóhannesson, byggingartækni- og verkfræðingur, Steinar Sigurðsson, arkitekt, Arup Amsterdam, dJGA, Tribal – Health.

3. TBL arkitektar ehf., Ferill – verkfræðistofa, Raftákn, John Cooper Architecture, Origo arkitektgruppe AS, COWI A/S, Vinnuvernd, HCP.

4. Verkís hf., VA-arkitektar, Arkþing arkitektar, Úti og inni sf., Teiknistofa arkitekta, Landslag, Arkitema Arkitektar, Grontmijr Carl Bro.

5. Efla hf., Ask arkitektar, Bjarni Snæbjörnsson arkitekt, Kanon arkitektar, Lagnatækni, Landark, Medplan, Norconsult, Teiknistofan Tröð.

4.4 Samkeppni um frumhönnun, 2010

Útboðsnúmer 14854

Samkeppnisgögn voru afhent 12. mars 2010.

Skilafrestur tillagna var 10. júní 2010.

Niðurstaða dómnefndar var kynnt 9. júlí 2010.

Pátttaka

Rétt til þátttöku í samkeppninni höfðu þau teymi sem valin höfðu verið í forvalinu. Sjá kafla 4.2 hér að framan.

Verkkaupi, umsjón

Verkefnisstjórn nýs Háskólasjúkrahúss var verkkaupi þessa verkefnis (sjá kafla 4.2 hér að framan). Verkefnisstjórnin hafði yfirumsjón með undirbúningi, hönnun og byggingu verkefnisins fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins. Framkvæmdasýsla ríkisins var ekki aðili að þessum hluta verkefnisins.

Dómnefnd, ráðgjafar, ritari, trúnaðarmaður og umsjónarmaður

Dómnefnd var skipuð af heilbrigðisráðherra og hana skipuðu eftirtaldir aðilar:

Af hálfu heilbrigðisráðuneytisins:

1. Guðrún Ágústsdóttir, fyrrv. formaður skipulagsnefndar Reykjavíkurborgar, formaður
2. Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar

Tilnefnd af Landspítala:

3. Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar LSH
4. Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga LSH

Tilnefnd af Háskóla Íslands:

5. Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs HÍ

Tilnefndur af Verkfræðingafélagi Íslands:

6. Aðalsteinn Pálsson, verkfræðingur VFÍ

Tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands:

7. Sigríður Ólafsdóttir, arkitekt FAÍ
8. Finnur Björgvinsson, arkitekt FAÍ
9. Jakob Línal, arkitekt FAÍ

Varamenn:

- Helgi Hjálmarsson, arkitekt FAÍ
- Björg Þuríður Magnúsdóttir, verkfræðingur og læknir

Ritari dómnefndar var Ásdís Ingbórsdóttir, arkitekt FAÍ.

Jakob Línal vék úr dómnefnd og tók Helgi Hjálmarsson sæti í hans stað.

Dómnefnd gat leitað álits sérfræðinga/ráðgjafa um einstök atriði tillagna, t.d á sviði umferðarmála, hljóðvistar, kostnaðarmats, sjúkrahústarfsemi eða háskólastarfsemi.

Ráðgjafar dómnefndar máttu hvorki eiga þátt í tillögu né hafa hagsmunatengsl við tillöguhöfunda. Viðfangsefni ráðgjafa voru eingöngu á þeirra sérsviði og komu þeir ekki að annarri umfjöllun dómnefndar og dæmdu ekki.

Trúnaðarmaður samkeppninnar, tilnefndur af verkkaupa í samráði við Arkitektafélagi Íslands var Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ

Umsjónarmaður samkeppninnar var Aðalbjörg Katrín Arnórsdóttir, verkefnastjóri, starfsmaður Ríkiskaupa.

Yfirlit yfir verkefnið

Meginforsenda verkefnisins sem samkeppnin tók til var að ljúka sameiningu tveggja stóru spítalanna á höfuðborgarsvæðinu þannig að starfsemi LSH í Fossvogi flytjist á Hringbraut.

Verkefni keppenda í samkeppninni var tvíþætt. Annars vegar áttu þeir að skila tillögu að áfangaskiptu heildarskipulagi fyrir svæðið og hins vegar að gera tillögu að nánari útfærslu á 1. áfanga þess sem er spítalastarfsemi í 66.000 m² nýbyggingum og háskólastarfsemi í allt að 10.000 m² nýbyggingum. Í nýbyggingum eru meðal annars bráðamóttaka, gjörgæsla, skurðstofur, rannsóknarstofur, myndgreining, legudeildir, sjúklingahótel, skrifstofur, kennslustofur og nemendaaðstaða.

Í samkeppninni var svonefnt tveggja umslaga kerfi. Í fyrsta lagi voru innsendar lausnir metnar í samræmi við áherslur dómnefndar. Í öðru lagi voru tilboð í hönnunarpóknun opnuð þegar innsendar lausnir höfðu verið metnar.

Gert var ráð fyrir að teymið sem yrði hlutskarpast í samkeppninni ynni að hönnun verkefnisins fram að einkaframkvæmdarútbóði en starfaði að því loknu við verkefnisstjórn og hönnunarrýni með verkkaupa.

Eins og fram kemur í samkeppnislýsingu lagði dómnefnd höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á tillögum:

- Heildarlausn
- Yfirbragð
- Ytri tengsl
- Innri tengsl
- Sveigjanleiki
- Hagkvæmni

Samkeppnisform

Um var að ræða lokaða framkvæmda-samkeppni fyrir skipulag og forsögn fyrir frekari hönnun, sem fór fram að undangengnu forvali. Í samkeppninni var nafnleynd milli keppenda og dómnefndar fram að kynningarfundum keppenda með dómnefnd.

Greiðsla fyrir þátttöku

Greiðsla til hvers teymis fyrir þátttöku í samkeppninni var kr. 18.000.000 án vsk. miðað við að viðkomandi teymi skilaði tillögu sem uppfyllti skilmála keppinnar.

Dómnefndarstörf - mat á tillögum

Á samkeppnistímanum bárust dómnefnd alls 36 fyrirspurnir og var þeim öllum svarað af dómnefnd og verkkaupa eftir því sem við átti.

Keppendur skiluðu tillögum til trúnaðar- og umsjónarmanns á tilsettum tíma. Þær uppfylltu allar skilyrði samkeppnislýsingar er varðar skil og nafnleynd.

Dómnefnd hélt alls 16 fundi og mat tillögur með tilliti til samkeppnislýsingar og þeirra áhersluatriða sem þar komu fram, sjá undirkafla „Yfirlit yfir verkefnið“ hér að framan.

Dómnefnd leitaði álits ráðgjafa um einstök atriði og skiluðu fulltrúar þeirra áliti sínu til dómnefndar. Ráðgjafar dómnefndar voru þessir, auk tveggja erlendra ráðgjafa með sérfræðipækningu á sviði spítalahönnunar:

- Flugmálastjórn
- Háskóli Íslands
- Landhelgisgæslan
- Landspítali
- Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar
- Skipulagsfræðingafélag Íslands
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar
- VSO ráðgjafar

Dómnefnd gaf innsendum tillögum allt að 85 stigum og að því loknu voru umslög með tilboðum í hönnunarþóknun opnuð að viðstöddum trúnaðar- og umsjónarmanni.

Niðurstaða samkeppinnar

Skrifuð var umsögn um hverja tillögu fyrir sig. Auk þess var almennt mat dómnefndar eftirfarandi:

„Hönnun háskólasjúkrahúss er afar margþætt verkefni. Samþætta þarf ólíkar áherslur borgarskipulags og innri starfsemi. Starfsemi

háskólasjúkrahúss er í stöðugri þróun og þarf húsnaði starfseminnar að taka mið af því. Það byggist upp í áföngum og stendur til langrar framtíðar

Keppendur nýttu vel það svigrúm sem í samkeppninni var fólgið og lögðu fram margbreytilegar tillögur að framtíðarskipulagi svæðisins. Tóku þeir mið af ólíkum sjónarmiðum og hagsmunum sem svo stórt og flókið verkefni kallar á.

Tillögur keppenda eru fjölbreyttar og fást við verkefnið með ýmsum hætti. Þær eru allar metnaðarfullar og vel fram settar. Keppendur fylgdu samkeppnislýsingu en hefðu á stundum mátt kynna sér betur ítagögn hennar.

Í öllum tillögum nýtur gamli spítalinn sérstöðu sinnar.

Að lokinni yfirferð dómnefndar á tillögunum voru þeim gefin stig á kvarðanum 37-85. Þá voru umslög með tilboðum í þóknun opnuð, en tilboð gátu mest gefið 15 stig.

Það var einróma niðurstaða dómnefndar að velja tillögu nr. 201007 til að útfæra deiliskipulag og frumhanna byggingar í 1. áfanga. Tilboð í þóknun breyttu ekki þeirri niðurstöðu.

Teymi vinningstillögu var:**SPÍTAL**

Arkitektar:
ASK arkitektar
Bjarni Snæbjörnsson arkitekt FAÍ
Kanon arkitektar
Medplan
Teiknistofan Tröð

Landslagsarkitekt:
Landark


Verkfræðiráðgjöf:
Efla,
Lagnatækni,
Norconsult,
Medplan

Gögn:

- *Nýtt Háskólasjúkrahús við Hringbraut, Samkeppnislýsing, Samkeppni um frumhönnun, Lokuð samkeppni nr. 14854, mars 2010.*
- *Nýtt Háskólasjúkrahús við Hringbraut, Niðurstaða dómnefndar, Samkeppni um frumhönnun, 9. júlí 2010.*



Vinningstillaga SPITAL 2010, príviddamynd.



Vinningstillaga SPITAL, 2010, fullbyggð lóð.

4.5 NLSH verkefnið og lög um byggingu nýs Landspítala

Verknúmer: FSR: 633 2000

Verkheiti: Nýr Landspítali við Hringbraut, NLSH

Verkkaupi: Nýr Landspítali ohf, NLSH

Forval fyrir hönnunaráttboð: Forval auglýst 20. apríl, opnun umsókna hjá Ríkiskaupum 18. júlí 2013, niðurstaða forvals kynnt 21. ágúst 2013.

- Forval fyrir útboð á hönnun meðferðarkjarna og rannsóknarhúss. Forvalsnúmer 15453.
- Forval fyrir útboð á hönnun sjúkrahótels og bílastæðahúss. Forvalsnúmer 15452.

Viljayfirlýsing, 2009

Eins og áður er getið í kafla „4.1 Breyttar aðstæður í kjölfar efnahagshruns haustið 2008“, undirkafla „Samstarf stjórnvalda og lífeyrissjóða um framgang spítalaverkefnisins“ var sameiginleg viljayfirlýsing meginþorra lífeyrissjóða landsins og ríkisstjórnarinnar, um samstarf við undirbúning að fjármögnun, útboði og framkvæmdum við nýbyggingar Landspítala, undirrituð 4. nóvember 2009.

Nýr Landspítali ohf (NLSH), 2010

NLSH tók til starfa 1. júlí 2010 í kjölfar þess að Alþingi samþykkti lög um stofnun félagsins. NLSH er heimilt að gera hverskonar samninga til að ná markmiðum sínum á sem hagkvæm-astan hátt en ekki er heimilt að hefja framkvæmdir að loknu útboði fyrr en Alþingi hefur heimilað þær með lögum.

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) er opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík og semja um að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að útboði loknu.

Í kjölfar hrunsins 2008 var horfið frá fyrri áformum um byggingu nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut en spítalaverkefninu var hleypt af stokkunum á nýjan leik í nóvember 2009 með undirritun viljayfirlýsingar forsætis-, fjármála- og heilbrigðisráðherra og lífeyrissjóða um fjármögnun verkefnisins. Í framhaldi var NLSH komið á laggirnar og efnt til hönnunarsamkeppni og hönnunaráttboðs vorið 2010 þar sem SPITAL-hópurinn svokallaði var hlutskarpastur.

Spítalaverkefnið er **samstarfsverkefni** NLSH, Landspítala (LSH) og Háskóla Íslands (HÍ) og sitja fulltrúar þeirra í **Byggingarnefnd** ásamt fulltrúa frá Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR). **Verkefnisstjórn** er skipuð fulltrúum NLSH, LSH og HÍ og henni til halds og trausts eru **Notendastjórnir** og **Notendahópar** Land-

spítalans og Háskólans. Undir Verkefnisstjórnina heyrir verkefnastjóri og hönnunars- stjórnari **SPITAL-hópsins** sem aftur skiptir með sér verkum eftir einstökum verkaföngum, eins og sjá má á skipuriti spítalaverkefnisins.

Hönnunarsamningur við SPITAL-hópinn var undirritaður 27. ágúst 2010.

Í byrjun september 2010 hófst vinna með verkefnisstjórn og notendastjórnnum LSH og HÍ að frumhönnun nýs Landspítala við Hringbraut og nýbyggingar fyrir Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands við Læknagarð.

NLSH - Stöðuskýrsla að lokinni frumhönnun, 2013

Gefin var út stöðuskýrsla 17.9.2013 um NLSH verkefnið. Verkefnisstjórn NLSH gerir þar grein þeirri vinnu sem unnin hefur verið til undirbúnings byggingar nýs Landspítala allt frá árinu 2010 til hausts 2013. Auk þess er þar fjallað um stjórnun og vinnutilhögun verkefnisins.



Aðstaða verkefnastjórnar, í Heilsuverndarstöðinni.

Lög um NLSH

Lög um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík eru nr. 64/2010. Í lögnum kemur m.a. fram:

- Í 1. gr. kemur m.a. fram að „[Ráðherra]¹⁾ er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, og að semja um að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði. Fyrir undirritun samninga að loknu útboði skal leita samþykkis Alþingis með almennum lögum.“
- Í 2. gr. stendur „Tilgangur félagsins er að standa að undirbúningi og útboði á byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkra-húss við Hringbraut í Reykjavík, með það að markmiði að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu þegar byggingaverktaki hefur lokið umsömdu verki.“


Þann 28. mars 2013 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Breytingin felur í sér að um hefðbundið útboða á vegum hins opinbera verður að ræða en ráðherra er þó heimilt að ákveða að tilteknir skýrt afmarkaðir minni byggingarhlutar eða byggingar séu boðnir út í formi langtímaleigu. Þá er heimilað að hefja forval vegna undirbúnings útboðs fullnaðarhönnunar þótt það sem eftir stendur af lagabreytingunni taki ekki gildi fyrr en 1. september 2013.

SPITAL – Deiliskipulag NLSH

Samhliða frumhönnun spítalaverkefnisins vann SPITAL hópurinn tillögu að deiliskipulagi nýs Landspítala við Hringbraut. Skipulagstillagan

var unnin í samráði við Reykjavíkurborg og hagsmunaaðila. Í öllum meginatriðum hélt vinningstillaga SPITAL-hópsins sér í gegnum skipulagsferlið. Nokkrar breytingar voru þó gerðar og er þeim lýst í Stöðuskýrslu NLSH verkefnisins 2013, kafla 4. VERKEFNIN – DEILISKIPULAG. Þar er jafnframt yfirlit yfir skýrslur og samantektir sem unnar voru í tengslum við deiliskipulagsgerðina. Deiliskipulagið öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 8. apríl 2013.

Jafnframt var gerð breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur og breyting á svæðisskipulagi höfðuborgarsvæðisins en þær tillögur voru unnar á vegum Reykjavíkurborgar.



Skýringarmynd deiliskipulags.

Deiliskipulagið öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 8. apríl 2013.

4.6 Forval fyrir hönnunarútboð, 2013

Forval fyrir hönnunarútboð

- meðferðarkjarna og rannsóknarhúss annars vegar og
 - sjúkrahótels og bílastæðahúss hins vegar
- var auglýst 20. apríl 2013, opnun umsókna hjá Ríkiskaupum 18. júlí 2013, niðurstaða forvals var kynnt 21. ágúst 2013.

Birtar vor tvær auglýsingar (tvö forvöl) og forvalsskilmálar voru ólíkir m.a. þar sem byggingar voru ólíkar og kröfur til hönnuða meiri í hönnun stærri bygginganna (meðferðarkjarna og rannsóknarhúss). Um var að opið forval auglýst á Evrópska efnahags-svæðinu (EES), en útboðin verða lokuð öðrum en þeim bjóðendum sem tekið hafa þátt í forvalinu og uppfyllt allar kröfur þess.

Forvali var skipt upp í 4 aðskilin hönnunarútboð (en tvö forvöl); um 58.500 m² meðferðarkjarna, um 14.000 m² rannsóknarhús, um 21.300 m² bílastæðahús (með skrifstofuhluta og tæknihluta) og um 4.000 m² sjúkrahótel.

Engin takmörkun var á fjölda bjóðenda.

„Þannig verður öllum umsækjendum sem uppfyllt hafa kröfur forvalsgagna og þannig staðist forval boðið að taka þátt í lokuðum aðskildum hönnunarútboðum fyrir meðferðarkjarna og/eða rannsóknarhús eftir því sem við á. Ekki er gefin einkunn fyrir hæfni og reynslu og því mun tilboðsfjárhæð hafa 100% vægi í hönnunarútboðunum.“

Ekki var greitt fyrir þátttöku í forvalinu sjálfa Gerð var krafa um að öll gögn í forvali þessu, útboði og í verkinu í heild, skyldu vera á íslensku að undanskildum tæknilegum forskriftum og samskiptum við nauðsynlega birgja, vottunaraðila o.fl. sem mættu vera á ensku. Þó var heimilt að senda inn fyrirspurnir á ensku og starfsferilslýsingar erlendra ráðgjafa mega einnig vera á ensku.

Þeir fyrirvarar voru gerðir strax í upphafi að útboð á hönnun muni þá aðeins fara fram að verkefninu verði tryggt fjármögnun á fjárlögum. Niðurstöður forvalsins skulu gilda í 9 mánuði eftir að þær liggja fyrir. Þátttaka í forvali gefur umsækjendum kost á því að taka þátt í útboði á öðru verkefninu eða báðum (eftir því hvaða forvali sótt var um), en skuldbindur þá ekki til þess. Forval var án skuldbindingar fyrir verkkaupa, hvort og hvenær verkefnið yrði boðið út og þá í hvaða áföngum.

Niðurstaða forvals nr. 15452 fyrir sjúkrahótel og bílastæðahús

Umsóknir vegna forvals nr. 15452: „Forval fyrir hönnunarútboð NLSH, sjúkrahótel og bílastæðahús“ voru opnaðar þann 18. júlí 2013. Alls bárust 6 umsóknir frá eftirtöldum aðilum:

- Hnit verkfræðistofa hf.
- Mannvit hf.
- Verkís hf.
- Corpus2
- KOS
- Arkitektastofan OG ehf. og VSB verkfræðistofa ehf.

Forvalsnefnd fór yfir umsóknir og niðurstaða hennar var að eftirtaldir fimm umsækjendur **Hnit verkfræðistofa hf., Mannvit hf., Verkís hf., Corpus2** og **KOS** hefðu staðist kröfur forvals NLSH - sjúkrahótel og bílastæðahús.

Niðurstaða forvals nr. 15453 fyrir meðferðarkjarna og rannsóknarhús

Umsóknir vegna forvals nr. 15453: „Forval fyrir hönnunarútboð NLSH, meðferðarkjarni og rannsóknarhús“ voru opnaðar þann 18. júlí 2013. Alls bárust 5 umsóknir frá eftirtöldum aðilum:

- SALUS
- Mannvit hf.
- Verkís hf.
- Corpus2
- KOS

Allir umsækjendur sóttust eftir þátttökurétti í báðum útboðum.

Forvalsnefndin fór yfir umsóknir og niðurstaða hennar var að eftirtaldir þrjú umsækjendur **Mannvit hf., Verkís hf.** og **Corpus2** hefðu staðist kröfur forvals meðferðarkjarna og rannsóknarhúss.

Bent er á að þegar að skilagrein þessi er skrifuð eru til meðferðar kærur hjá Kærunefnd útboðsmála, vegna forvalsins. Aðilar sem ekki töldust hæfir lögðu fram kærur.

Nánar um NLSH verkefnið er að finna í stöðuskýrslu að lokinni frumhönnun, 2013 og á heimasíðu verkefnisins <http://www.nyrlandspitalli.is>

Gögn:

- Stöðuskýrsla að lokinni frumhönnun, 2013, Verkefnisstjórn NLSH, Nýr Landspítali, 17.9.2013
- Útboðsgögn SPITAL. Sjá yfirlit í Stöðuskýrslu að lokinni frumhönnun, í kafla 11 ÚTBOÐSGÖGN.
- Deiliskipulag unnið af SPITAL. Gildistaka 8.4.2013 með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.
 - Deiliskipulagsupphættur, skýringarmyndir, greinargerð og skilmálar ásamt umhverfisskýrslu.
- Forval fyrir hönnunarútboð, Meðferðarkjarni og rannsóknarhús, Forvalsskilmálar, útboðsnúmer 15453.
- Forval fyrir hönnunarútboð, Sjúkrahótel og bílastæðahús. Forvalsskilmálar, útboðsnúmer 15452.
- Lög um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, nr. 64/2010.



Skýringarmyndir með deiliskipulagi 2013.

5 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

5.1 Heildarkostnaður

Í eftirfarandi töflu er tekinn saman heildarkostnaður verkefna sem skilagreinin nær til samkvæmt upplýsingum velferðarráðuneytis, FSR og ársreikningum Ríkisendurskoðunar.

Í heildarkostnaði er innifalinn kostnaður við frumhönnun SPITAL hópsins (NLSH verkefnið) sem fram fór á árunum 2010, 2011 og 2012 samkvæmt ársreikningum Ríkisendurskoðunar. Auk kostnaðar við frumhönnun/ frumathugun á árunum 2006 - 2008 svo og kostnaðar við ráðgjöf, undirbúning, umsjón og eftirlit allt frá árinu 2005 til og með 2010.

Heildarkostnaður er um 2.186 m.kr. þar af:

- um **1.241 m.kr.** í NLSH verkefnið á árunum 2010 - 2012.
- um **945 m.kr.** í frumathugun, tillögu að deiliskipulagi, umsjón, undirbúning og eftirlit 2005 - 2010.

Heildarkostnaður	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Samtals
Nýr Landspítali (LSH), undirbúningur, frumathugun, deiliskipulag, og fyrsti hluti áætlunargerðar	30	147	285	247	61	175			945
* þar af 608 3401 Deiliskipulag		8	0	2	2				12
* þar af 608 3402 Frumathugun		113	257	180	11	1			562
* þar af 608 3410 Áætlunargerð þar af samk. 2005 og undirb. áætlunarg. (LSH)	30	26	28	42	8	174			134
Nýr Landspítali (NLSH) 2010-2012 frumhönnun SPITAL og umsjón verkefnis						123	589	529	1.241
Heildarkostnaður samtals 2005-2012									2.186
Heildarkostnaður er um 2.186 m.kr.									

Sundurliðun kostnaðar milli ára má sjá í töflu hér fyrir ofan. Tölur eru í m.kr. Í stjórnumerktum línum í ljósgráu má sjá verkefni/verknúmer í bókhaldi FSR. Allar tölur eru á verðlagi hvers árs.

6 STAÐFESTING SKILAGREINAR

6.1 Almennt

Vinna við undirbúning nýs og sameinaðs sjúkrahúss hefur staðið lengi yfir og vandað hefur verið til ákvarðanatöku. Vísað er í skýrslur þar að lútandi samanber **VIÐAUKA - GÖGN**.

Fyrir liggja ítarlegar úttektir og þarfagreiningar, unnið hefur verið með starfsfólki, samráð verið haft við yfirvöld og í kjölfar efnahagshruns haustið 2008 voru áætlanir endurskoðaðar.

Markmið Landspítala

Stefna Landspítalans er að veita framúrskarandi heilbrigðisþjónustu sem er studd öflugum kennslu- og vísindastarfi og stenst samanburð við önnur háskólasjúkrahús.

Að lokum er vísað í vefsíðu NLSH verkefnisins þar sem færð eru rök fyrir hvers vegna byggja þurfi nýtt sjúkrahús.

http://www.nyrlandspitali.is/nyrlandspitali/islenska/nytt_sjukrahus/ (2013-09-26, kl. 15.00)

„Hvers vegna þarf nýtt sjúkrahús?“

Starfsemi Landspítala er á nærri tuttugu stöðum á höfuðborgarsvæðinu sem er mjög óhagkvæmt. Megin þungi þjónustunnar við sjúklinga er í Fossvogi og við Hringbraut. Af þessari dreifðu starfsemi hlýst mikið óhagræði bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk.

Núverandi húsnæði er margra áratuga gamalt, kostnaðarsamt í viðhaldi og hefur ekki þann sveigjanleika sem þarf til að mæta stöðugum breytingum í tækni og vinnufyrirkomlagi. Byggingar voru reistar fyrir mun minni og einfaldari starfsemi en er í þeim núna. Þær fullnægja alls ekki kröfum samtímans um þarfir sjúklinga, góða vinnuáðstöðu fyrir starfsfólk og því síður lágmarkspörfum spítala framtíðarinnar. Margar sjúkrastofur eru óviðunandi og lítil aðstaða fyrir aðstandendur.

Þarfir, réttindi og kröfur sjúklinga hafa stórkostur en víða eru sjúklingar á fjölbýlum og mörg dæmi eru um að örfá salerni og baðherbergi séu á stórum legudeildum. Slíkar aðstæður stuðla að útbreiðslu spítalasýkinga sem breiðast út milli sjúklinga og starfsfólks og hafa valdið faröldrum á sjúkrahúsinu. Nýtt sjúkrahús þarf að vera með einbýlum og snyrtiaðstöðu fyrir hvert rúm.

Aðeins með nýju sjúkrahúsi næst að fullu sú hagkvæmni í rekstri og skilvirkni í þjónustu við sjúklinga sem stefnt var að með sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík árið 2000. Hægt yrði að nýta vinnuaflið betur og spara í rekstri, til dæmis með því að komast hjá tvöföldu vaktakerfi og tvöföldum tækjabúnaði í samþærilegri starfsemi.

Háskólasjúkrahús hefur ríkar skyldur sem kennslu-, vísinda- og rannsóknarstofnun en býr við ófullnægjandi húsakost til að rækta þær sem skyldi. Úr því verður að bæta. Nálægð við háskólasamfélagið treystir undirstöður þekkingarsköpunar á sjúkrahúsinu og skapar um leið frjóan jarðveg til kennslu nemenda í heilbrigðisvísindagreinum.”



Lokaorð

Markmið með samantekt í skilagrein þessari er að gefa heildaryfirsýn yfir verkefni, áfanga, skýrslur og gögn sem tengjast spítalaverkefninu sem í dag er kallað **Nýr Landspítali við Hringbraut**. Fjallað er um helstu áfanga frá ákvörðun um sameiningu tveggja spítala árið 2000 þar til að loknu forvali fyrir hönnunarútboð NLSH verkefnisins sumarið 2013.

Í viðauka er heildaryfirlit helstu gagna. Í stöðuskýrslu NLSH verkefnisins er að finna lista yfir fylgiskjöl þess verkefnis.

6.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri

VIÐAUKI – GÖGN

Undirbúningur - sameining

- Framtíðarskipulag og uppbygging Landspítala háskólasjúkrahúss, nefndarálit starfsnefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, gefið út í janúar 2002.
- Skýrsla nefndar um uppbyggingu Landspítala- háskólasjúkrahúss, apríl 2004.

Forval og samkeppni 2005

- Forvalsgögn vegna samkeppni um Landspítala- háskólasjúkrahús. Forval nr. 13765 dagsett febrúar 2005.
- Samkeppnislýsing vegna samkeppni um skipulag fyrir Landspítala- háskólasjúkrahús. Nr. 13799, útboð dagsett apríl 2005.
- Dómnefndarálit vegna samkeppni um skipulag fyrir Landspítala- háskólasjúkrahús, dagsett 12. október 2005

Tillaga að deiliskipulagi og frumhönnun, lokarýni og umsögn um frumathugun

Grunngögn í forhönnun (frumathugun):

- Gildandi deiliskipulag lóðarinnar var samþykkt í apríl árið 1999 eftir skipulagssamkeppni um hönnun barnspítala.
- Samkeppnistillaga 2005.
- „Technical masterplan and cost estimate”, 12. janúar 2007.
- „The revision of the winning proposal”, Endurskoðuð samkeppnistillaga 12. janúar 2007.
- „Function program, parts I, II, III, IV”, 5. janúar 2007.
- „Evaluation of the revised competition proposal, by Planetree”, 19.-23. mars 2007, in a Community design Assesment.
- The Technical Program, rev. 02, 29. ágúst 2007.

Gögn tillögu að deiliskipulagi (drög): Tillöguupprættir, matsskýrsla (drög)

- Uppdráttur: Skýringar, aðkoma, umferð.
- Deiliskipulagstillaga skýringaruppdráttur, afstöðumynd.
- Deiliskipulagstillaga skýringaruppdráttur, útlit og sneiðmyndir.
- Matsskýrsla með deiliskipulagi, drög 11. des. 2008.

Eftirfarandi gögn voru lögð fram í tengslum við umsögn FSR um frumathugun:

- Lokaskýrsla frumathugunar (Sketch Report).
- Þrívíddarlíkan (Mannvirkjaupplýsingalíkan - BIM) og útpentaðar 103 teikningar í 4 möppum (A4).
- Tæknileg atriði (Technical Program).
- Tækjabúnaður (Main Equipment Program).
- Kostnaðarmat.
- Skýrsla um markmið brunatæknilegrar hönnunar (Fire Strategy).
- Skýrsla um jarðskjálftaálag (Earth Quake Calculations).
- Yfirlit yfir herbergjaskipulag, þarfagreining.

Rýni 2008

- Nýr Landspítali, Stöðuskýrsla stýrinefndar LSH vegna undirbúnings byggingar nýs Landspítala, Febrúar 2008.
- Lokarýni um frumáætlun að nýju háskólasjúkrahúsi, Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana (maí 2008).
- Nýtt háskólasjúkrahús við Hringbraut. Umsögn Framkvæmdasýslu ríkisins um frumathugun, 3. apríl 2008.

Endurskoðun 2009

- Skýrsla norsku sérfræðinganna „New Landspítali University Hospital Project (NUH), Review of planned development, April 2009“.

Forval og samkeppni 2009-2010

- Nýr Landspítali við Hringbraut, Frumhönnun, Forval fyrir hönnunarsamkeppni, Útboð nr. 14813, Desember 2009.
- Nýtt Háskólasjúkrahús við Hringbraut, Samkeppnislýsing, Samkeppni um frumhönnun, Lokuð samkeppni nr. 14854, mars 2010.
- Nýtt Háskólasjúkrahús við Hringbraut, Niðurstaða dómnefndar, Samkeppni um frumhönnun, 9. júlí 2010.

NLSH – Nýr Landspítali við Hringbraut 2010-2013

- Stöðuskýrsla að lokinni frumhönnun, 2013, Verkefnisstjórn NLSH, Nýr Landspítali, 17.9.2013. Stöðuskýrslunni fylgir listi yfir fylgiskjöl sem hægt að nálgast á geisladiski sem fylgir skýrslunni.
- Deiliskipulag: Nýr Landspítali við Hringbraut. Auglýsing gum gildistöku deiliskipulags auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 8.4.2013. Deiliskipulag var auglýst frá 10.7.2012-19.10.2012. Deiliskipulag var samþykkt í skipulagsráði þann 3.12.2012, í borgarstjórn 13.13.2012.
 - Deiliskipulagsuppráttur (grunnmynd)
 - Skýringarmyndir
 - Skýringarmyndir deiliskipulags (2 upprættir),
 - Skuggavarp,
 - Snið (2 upprættir),
 - Skýringarmyndir - þrívíddarmyndir (2 upprættir)
 - Greinargerð og skilmálar ásamt umhverfisskýrslu

Vefsíður<http://www.nyrlandspitali.is><http://www.landspitali.is/>**Gögn á geisladiski**

Heiti skýrslu á geisladiski	Umfjöllun í kafla
1. Framtíðarskipulag og uppbygging Landspítala-háskólasjúkrahúss jan 2002.pdf	Kafli 1.3
2. Skýrsla nefndar um uppbyggingu Landspítala-háskólasjúkrahúss ap 2004.pdf	Kafli 1.4
3. LSH Forval nr13765-isl feb 2005.pdf 3b. LSH Forval nr13765-ens feb 2005.pdf	Kafli 1.5
4. LSH Samkeppnislýsing nr13799 apríl 2005.pdf 4b. LSH Samkeppnislýsing nr13799 -ens apríl 2005.pdf	Kafli 2.8
5. LSH Dómnefndarálit okt 2005.pdf	Kafli 2.8
6. Lokaskýrsla frumathugunar (Sketch) mars 2008.pdf	Kafli 3.5
7a. LSH drög að deiliskipulagi júlí 2008 rammi-01.pdf 7b. LSH drög að deiliskipulagi júlí 2008 rammi-02.pdf 7c. LSH-drög að deiliskipulagi júlí 2008 sneiðmynd.pdf 7d. LSH Drög að umhverfismati deiliskipulag 11des2008.pdf	Kafli 3.4
8. LSH Umsögn FSR um frumathugun-2008-04-03.pdf	Kafli 3.6
9. Stöðuskýrsla styrinefndar LSH vegna undirb byggingar nýs Landsp feb 2008.pdf	Kafli 3.3
10. Lokaryni-skýrsla nefndar um fasteignir nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisst. 04 12 08.pdf	Kafli 3.5
11. Skýrsla norsku sérfræðinganna New Landspítali University Hospital Project apríl 2009.pdf	Kafli 4.1
12. LSH Forval nr14813-Hönnunarsamkeppni_Nyr_Landspítali desember 2009.pdf	Kafli 4.3
13. LSH Háskólasjúkrahús-samkeppnislýsing nr14854-mars2010.pdf	Kafli 4.4
14. LSH Háskólasjúkrahús dómnefnd nr14854_2010_nidurstada.pdf	Kafli 4.4